

Afrekshundur ársins 2015

Leynigarðs Loki fæddur 31.12.2010.

Sigrún er stuðningsforeldri fyrir unga dömu að nafni Ísabella Eir, Sú er 6 ára og er ein af þremur hér á landi greind með Smith-Magenis heilkenni (SMS). SMS er genagalli sem einkennist af ýmsum þáttum þ.á.m. miklar svefntruflanir vegna óeðlilegs flæðis svefnhormóna, sértæk þroskahömlun, seinkun á tali, ýmis vandamál með líkambyggingu, heyrnaskerðing og eitt það erfiðasta við heilkennið eru ofsafengin bræðisköst og sjálfskaði. Ísabella Eir er alla jafna mjög hvatvís og eirðalaus en nærvera Loka hefur róandi áhrif á stúlkuna.

Loki gengur oft inn í aðstæður hjá Ísabellu t.d. þegar þreyta gerir vart við sig eða kast er í uppsiglingu og nær að róa hana og oft svæfa, Ef manneskja myndi gera hið sama hefði það öfug áhrif. Á næturnar fer Loki reglulega í „eftirlitsferðir“ og hugar að Ísabellu og sefur gjarnan við rúm hennar. Vegna heilkennisins er Ísabella ekki altalandi og styðs við tákni með tali, en í samskiptum sínum við Loka hefur hún fundið hvata til að auka orðaforða sinn. Ísabella og Loki hafa tvisvar sinnum tekið þátt í barnaflokkum ungra sýnenda og þar hefur Loki sýnt stöðugleika og gætni gagnvart barninu.

Það hefur gefið Ísabellu gífurlega mikið að geta tekið þátt í viðburði og standa jafnfætis við börn á sínum aldri, þar sem hún hefur uppfull af stolti sýnt hundinn sinn. Ísabellu skortir félagsfærni og á þar af leiðandi erfitt að eiga samskipti við önnur börn en í Loka á hún alltaf vin sem á einhvern óútskýranlegan hátt færir henni ró og einbeitingu sem hana oft skortir. Eigandur eru Sigrún R. Guðlaugardóttir og Guðlaug Gísladóttir, en hann býr hjá Sigrúnu.